



**Áætlun um aurburðarrannsóknir fyrir  
Orkumálasvið 1998**

**Svanur Pálsson**

**Greinargerð SP-97-10**

31. október 1997

## Áætlun um aurburðarrannsóknir fyrir Orkumálasvið 1998

1. Sýnataka og mælingar á stöðum, þar sem árlega er verið að afla gagna annars vegar til þess að fylgjast með breytingum, sem kunna að verða á framburði, og hins vegar til þess, að unnt sé að reikna framburð svifaurs með svifaurslyklum, sem byggðir eru á gagnasafni aurburðarmælinga. Lagt er til, að sýnin skiptist þannig á staði:

Sýnatökustaður	Sýnafjöldi 1998
Jökulsá vestari, Goðdölum	6
Jökulsá austari, Skatastöðum	12
Skjálfandafljót, Stóruvöllum	2
Jökulsá á Fjöllum, Grímsstöðum	8
" " " Upptypingum	6
Kreppa við brú	6
Jökulsá á Dal, Hjarðarhaga	5
Djúpa í Fljótshverfi, Rauðabergi	4
Hverfisfljót við brú	4
Skaftá við Kirkjubæjarklaustur	4
Ása-Eldvatn við brú	8
Skaftá við Sveinstind	4
Markarfljót, Emstrum	4
Hvítá neðan Hvítárvatns	4
Jökulfall við Hvin	4
Ófyrirséð vegna flóða, hlaupa eða annarra atburða	20
<b>Alls</b>	<b>101</b>

Þetta eru samtals 101 sýni. Kostnaður er kr. 34.000 á sýni, sýnataka og mælingar. Heildarkostnaður er þá kr. **3.434.000**.

Í Jökulsá austari þarf að gera átak vegna þess, hve lítið er til af mæligildum þaðan. Lítið er á Jökulsá á Fjöllum og Jökulsá á Dal sem mikilvægustu árnar, en þó er gert ráð fyrir að taka aðeins 5 sýni úr Jökulsá á Dal, því að Landsvirkjun mun væntanlega kosta viðbótarmælingar þar. Tiltölulega mörg sýni þarf að taka úr Ása-Eldvatni vegna þess, að fá sýni hafa verið tekin þar, enda stutt síðan að mælistöðin tók til starfa.

2. Útreikningar á framburði svifaurs í Hvítá í Borgarfirði við Kljáfoss, sem gengið verði frá sem tiltölulega einfaldri skýrslu. Áætlað er, að sú vinna kosti um kr. 300.000. Við bætast um kr. 40.000 í útgáfukostnað, svo að kostnaður vegna skýrslunnar yrði um kr. **340.000**.
3. Bráðabirgðaútreikningar á framburði svifaurs í Jökulsá vestari og Jökulsá austari í Skagafirði. Nokkuð var unnið að þessu árið 1995, og kemur sú vinna til góða við þetta verk. Niðurstöðurnar yrðu birtar í greinargerðum og er áætlað, að sú vinna kosti samtals um kr. **200.000**.

